

7. stjórnarfundur SÍ fimmtudaginn 10. janúar 2018 kl. 17.15

Mættir: Ásdís, Gunnar, Gauti, Hörður, Kristófer, Stefán, Þórir, Omar og Þorsteinn

1. Mót á næstunni.
 - a) Íslandsmót stúknasveita 1. – 10. bekkur, 2. febrúar. Kanna með húsnæði TR – annars Rimaskóla (verður í Rimaskóla).
 - b) Íslandsmót barnaskólasveita 1. – 3. bekkur. Mótið verður haldið föstudaginn 22. febrúar kl. 9.30. Tímamörk 5+3. Ath. hvort hægt sé að halda mótið í húsnæði TR.

2. NM í skólaskák.

Mótið fer fram í Borgarnesi helgina 15.-17. febrúar. Helgi Ólafsson og Skákskóli sjá um liðsstjórn/þjálfun. Gunnar verður mótsstjóri og Björn Ívar sér um tæknimál. Enn á eftir að finna skákstjóra.

3. Launasjóður stórmeistara.

Lögð fram drög að skýrslu SÍ til launasjóðsins. Drögin samþykkt með smávægilegum orðalagsbreytingum og forseta falið að senda á Launasjóðinn.

4. GAMMA Reykjavíkurskákamót.

Gunnar leggur til 2.000 kr. afslátt á þátttökugjöldum til Íslendinga skrái þeir sig og greiði fyrir 1. febrúar. Skráning Íslendinga gengur hægt eins og oft áður. Fischer Random mótið verður haldið. Send verður beiðni til FIDE um að mótið verði reiknað til stiga og yrði þá fyrsta mótið. Fundur verður næsta fimmtudag vegna Reykjavíkurskákamóts.

5. Ásdís hættir.

Tilboð frá Virtus vegna bókhalds og umsjón með greiðslum og launaútreikningi. Tilboðið hljóðar uppá kr. 100.000 + vsk pr. mánuð. Ræða þarf við Skákskólann um þeirra hlut. Stjórn samþykkir.

6. Skák í skóla.

Gunnar hefur verið í sambandi við ráðherra varðandi framlag ráðuneytisins um 3–4 millj. kr. í verkefnið. Farið verður yfir hvernig fjármagninu verður varið þegar ákveðið svar hefur borist frá ráðuneytinu. Hugmyndir um t.d. töfl í skóla og finna einstaklinga á svæðum á landsbyggðinni til að taka að sér kennslu. Einnig hugmynd um að fá Björn Ívar til að útbúa fleiri kennslumyndbönd.

7. Unglingalandsliðverkefni – „Skákframtíðin“

Gunnar hefur verið í sambandi við Margeir Pétursson um að fá Oleksander Sulypa og Adrian Mikhailchisin til að taka að sér þjálfun. Verkefnið kostar 4–5 millj. á ári og myndu þjálfarar koma til landsins nokkrum sinnum á ári. Yrði í mikilli samvinnu við Skáksskólann. Unnið að utanaðkomandi fjármögnun að hluta til.

8. Íslandsmót öldunga 65+.

Áskell Örn Kárason hefur lagt til að mótið verði haldið á Akureyri – sem sérstakt mót samhliða Íslandsmótinu. Önnur hugmynd að halda mótið næsta haust. Haft verður samband við Áskel og fá tillögur um fyrirkomulag.

9. Skákdagurinn.

Ýmsir viðburðir á döfinni. Félögin hvött til að halda viðburði.

10. HM 2022.

Gunnar kynnt kostnaðaráætlun sem unnin var í samvinnu við Saga Events. Það er ljóst að kostnaður við einvígið yrði á bilinu 4-5 milljónir evra.

11. Önnur mál.

Stefán Bergsson nefnir að Skákfélag Akureyrar eigi 100 ára afmæli 10. febrúar nk.

Fundarritari

Gauti Páll Jónsson